

Skjal Umhverfisskilyrði fyrir dekk	Útgáfa 1.0	Síða 1 af 5
Dagsetning 06-03-2006		

Umhverfisskilyrði fyrir dekk

Neðangreind skilyrði gilda fyrir eftirfarandi dekk:

Dekk fyrir fólksbíla, rútur, strætisvagna, sendibíla, vörubíla og kerrur og vagna.

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila

Ef skilyrðin eru notuð við útboð á **flutningaþjónustu** eiga þau að vera svokölluð **viðbótarskilyrði**. Eingöngu lágmarksskilyrðin í þessu skjali eru þá viðeigandi og þá einungis fyrir þau dekk sem eru notuð á þeim farartækjum sem samningurinn nær yfir og eru keypt á samningstímabilinu.

Viðbótarskilyrði eru skilyrði sem þurfa ekki að vera uppfyllt þegar tilboði er skilað inn til innkaupaaðila, en sem gilda á samningstímabilinu.

Viðbótarskilyrðin verða að vera skilgreind í útboðsgögnum og kaup- eða rammamningum. Hver innkaupaaðili verður að meta forsendur sínar til að nota þessi skilyrði þar sem þau geta krafist meiri eftirfylgni en annars.

Ath! að þessi umhverfisskilyrði eru ekki hugsuð sem skilyrði við kaup á nýjum bílum, þar sem bílaframleiðandi hefur, í samvinnu við dekkjaframleiðendur, 2-3 árum áður en farartækið er sett á markað ákveðið hvaða dekk eiga að vera við afhendingu á farartækinu.

ATH! Fjarlægjið þennan texta áður en umhverfisskilyrðin eru send til tilboðsgjafa.

Upplýsingar um tilboðsgjafa

Tilboðsgjafi, fyrirtæki:

Tengiliður í umhverfismálum

Nafn:

Sími:

Svörin eiga við eftirfarandi dekk:

Umhverfisskilyrði

Skilyrðunum er skipt í þrjá flokka:

- Lágmarksskilyrði tengd tilboðsgjafa.
- Lágmarksskilyrði tengd dekkjunum
- Matsskilyrði

Skjal Umhverfisskilyrði fyrir dekk	Útgáfa 1.0	Síða 2 af 5
Dagsetning 06-03-2006		

A. Lágmarksskilyrði tengd tilboðsgjafa

Öll skilyrði undir lið A skal fullnægt annars er tilboðinu vísað frá.

A.1 Úrvinnslugjald er lagt á alla hjólbarða sem fluttir eru til landsins óháð því hvort þeir eru nýir eða sólaðir, stakir eða sem hluti af ökutækjum. Markmiðið er að greiða fyrir meðhöndlun hjólbarða, förgun eða endurnýtingu, eftir að notkun þeirra lýkur. Um úrvinnslugjald gilda lög nr 162/2002 og er gjaldið tilgreint í XVI kafla laganna. Greiða á úrvinnslugjald á öllum dekkjum, sem lög nr 162/2002 um úrvinnslugjald eiga við um, og sem keypt verða samkvæmt samningi þessum.

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila. Úrvinnslugjald er lögbundið og innheimtist við tollafgreiðslu dekkjanna. Því á ekki að vera hægt að flytja inn dekk án þess að viðkomandi hafi greitt úrvinnslugjald

Ath. Fjarlægið þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa

Er ofangreint lágmarksskilyrði uppfyllt?

Já

Nei

Séu lágmarksskilyrði ekki uppfyllt er tilboðinu vísað frá.

B. Lágmarksskilyrði tengd dekkjunum

Öll skilyrði undir lið b skal fullnægt annars er tilboðinu vísað frá.

B.1 Öll dekk verða að uppfylla skilyrðin samkvæmt reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja með áorðnum breytingum.

B.2 Gúmmí í slitlagi vetrardekkja fyrir fólksbíla og dekkja fyrir vörubíla og rútur á að vera án skráningarskyldra olíuefna samkvæmt reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum (fylgiskjal 1, listi 1A).

Vottorð: Sé farið fram á það er hægt að sannreyna þetta á eftirfarandi máta: Með vottorði frá rannsóknarstofu sem vísar að slitlag dekkjanna hefur verið rannsakað og að magn PCA olíu í dekkjunum sé undir 3% mælt samkvæmt IP 346. Magn PCA í olíu í slitlagsgúmmíi (PCA/kg slitlagsgúmmí) er gefið upp í samræmi við matsaðferðinni IP 391 ásamt stöðlunum ISO 1407 og ISO 4645 eða samkvæmt ISO TC45/SC3N og verður magnið þá að vera undir 15% af þyngd eða samkvæmt ISO 21461:200x með gildið 0,35%HBay. Dekk merkt með norræna umhverfismerkinu Svaninum (útgáfa 2.2 eða síðar) uppfylla ofangreind skilyrði. Nægjanlegt er því að skila inn vottorði um að dekkin séu merkt með Svaninum, sambærilegri umhverfismerkingu eða öðrum sambærilegum gögnum.

Skjal Umhverfisskilyrði fyrir dekk	Útgáfa 1.0	Síða 3 af 5
Dagsetning 06-03-2006		

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila. Til að koma í veg fyrir óþarfa skriffinnsku er mælt með því að einungis verði gerðar stikkprufur og farið fram á vottorð eða rannsóknarniðurstöður frá seljanda sem sýna að dekkinn uppfylli skilyrðin.

Ath. Fjarlægið þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila. Hægt er að kaupa vetrardekk, bæði sóluð og ný, sem uppfylla ofangreind skilyrði. Upplýsingar um dekk sem eru með skráningarskyldum olíum í slitlagi dekkjanna er hægt að nálgast á eftirfarandi heimasíðum

www.svanen.nu (Listi yfir dekk merkt með svaninum)

www.gronkemi.nu/tyres.html (Listi yfir dekk fyrir fólksbíla, á ensku)

www.trbmiljo.se/?show=tyres (Listi yfir dekk fyrir vörubíla, á sænsku)

Ath. Fjarlægið þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa

Eru ofangreind lágmarksskilyrði tengd vörinni uppfyllt?

Já

Nei

Séu lágmarksskilyrði ekki uppfyllt er tilboðinu vísað frá.

C. Matsskilyrði

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila.

Matsskilyrði sem eru kynnt hér geta verið hluti af matslíkani innkaupaaðila. (+) þýðir að svarmöguleikinn er jákvæður fyrir umhverfið. Almennt er skalinn frá einum (+) til þriggja plúsa (+++). Innkaupaaðilinn þarf síðan að aðlaga plúsana að eigin stigakerfi. Ekki er hægt að nota matsskilyrði ef tilboði er tekið eingöngu á grundvelli lægsta verðs.

ATH! Fjarlægið þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa

C.1 Er gúmmí í slitlagi nýrra eða sólaðra sumardekkja fyrir fólksbíla án skráningarskyldra olíufna samkvæmt reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum (fylgiskjal 1, listi 1A)?

Já (++)

Nei

Vottorð: Sé farið fram á er hægt að sannreyna þetta á eftirfarandi máta:
Með vottorði frá rannsóknarstofu sem vísar að slitlag dekkjanna hefur verið rannsakað og að magn PCA olíu í dekkjunum sé undir 3% mælt samkvæmt

Skjal Umhverfisskilyrði fyrir dekk	Útgáfa 1.0	Síða 4 af 5
Dagsetning 06-03-2006		

IP 346. Magn PCA olíu í slitlagsgúmmí (PCA/kg slitlagsgúmmí) er gefið upp í samræmi við metaðferðinni IP 391 ásamt stöðlunum ISO 1407 og ISO 4645 eða samkvæmt ISO TC45/SC3N og verður magnið þá að vera undir 15% af þyngd eða samkvæmt ISO 21461:200x með gildið 0,35%HBay.

Dekk merkt með norræna umhverfismerkinu Svaninum (útgáfa 2.2 eða síðar) uppfylla ofangreind skilyrði. Nægjanlegt er því að skila inn vottorði um að dekkinn séu merkt með Svaninum, sambærilegri umhverfismerkingu eða öðrum sambærilegum gögnum.

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila. Til að koma í veg fyrir óþarfa skrifinnsku er mælt með því að einungis verði gerðar stikkprufur og farið fram á vottorð eða rannsóknarniðurstöður frá seljanda sem sýna að dekkinn uppfylli skilyrðin.

Ath. Fjarlægið þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila. Í febrúar 2005 var einungis einn framleiðandi sem uppfyllti kröfurnar um ný sumardekk án PCA olía í slitlagi dekkisins. Fjöldi vetrardekkja uppfylla hins vegar kröfurnar. Nánari upplýsingar um dekk sem ekki hafa skráningarskyld efni í slitlaginu er að finna á eftirfarandi heimasíðum

www.svanen.nu (dekk merkt með Svaninum)

www.gronkemi.nu/tyres.html (dekk fyrir fólksbíla, á ensku)

Ath. Fjarlægið þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa

C.2 Er viðnám dekkjanna (rolling resistance), sem hlutfall af álagi á dekk (wheel load), lægri en eftirfarandi gildi samkvæmt þeim aðferðum sem gefnar eru upp samkvæmt skilyrðum umhverfismerkisins Svansins fyrir dekk?

Dekk fyrir rútur og vörubíla

Fyrir dekk sem ekki eru á drifási (dekk sem rulla með) 0,60% en 0,70% fyrir dekk (sem drífa áfram bílinn) á drifási eða önnur dekk til sérstakra nota.

Ath! Skilyrðið á við eðlilega keyrslu, þ.e. meðallangar eða langkeyrslur. Skilyrðið á ekki við um dekk sem eru ætluð til aksturs á mjög slítandi undirlagi og á litlum hraða.

Dekk fyrir fólksbíla

- 1,05% fyrir dekk með álagsstuðul (load capacity index category) yfir 90
- 1,15% fyrir dekk með álagsstuðul milli 80-90
- 1,25 fyrir dekk með álagsstuðul undir 80

Vottorð: Seljandi getur sýnt fram á þetta til dæmis með skýrslum byggðum á prófunum samkvæmt ISO 8767 að ofangreind skilyrði eru uppfyllt.

Er skilyrðið um viðnám dekkja uppfyllt?

Skjal Umhverfisskilyrði fyrir dekk	Útgáfa 1.0	Síða 5 af 5
Dagsetning 06-03-2006		

Já (+++)

Nei

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila. Til að koma í veg fyrir óþarfa skriffröskun er mælt með því að einungis verði gerðar stikkprufur og farið fram á vottorð frá seljanda.

Ath. Fjarlægið þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila. Upplýsingar um dekk sem uppfylla skilyrðin um viðnám er að finna á heimasíðu Svansins (www.svanen.nu).
Nánar tiltekið:

www.svanen.nu/DocNord/066.pdf (á sænsku)

www.svanen.nu/DocEng/066e.pdf (á ensku)

Ath. Fjarlægið þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa